

Þingsályktun

um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Alþingi ályktar, með vísan til 1. mgr. 2. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011, að styðja fyrirhugaða breytingu á fjölda og heitum ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands sem felur í sér að í stað félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis, matvælaráðuneytis og menningar- og viðskiptaráðuneytis komi atvinnuvegaráðuneyti, félags- og húsæðismálaráðuneyti og menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti.

Samþykkt á Alþingi 5. mars 2025.